

Reglur

um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

1. gr.

Höfundum ber þóknun fyrir opinberan flutning bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Í því skyni skal innheimta gjald, er miðist við tiltekinn hundraðshluta þeirra launa, sem flytjendur nefndra verka fá greitt fyrir flutning sinn við þessar athafnir, sbr. 2. og 3. gr. reglna þessara.

2. gr.

Vegna flutnings verka við guðsþjónustur skal árlega greiða úr ríkissjóði fjárhæð, er nemi þremur af hundraði af áætluðum heildarlaunum til flytjenda, sem laun taka fyrir flutning sinn við guðsþjónustur. Skal við gerð fjárlaga ár hvert áætla nefnt gjald á grundvelli tiltækra upplýsinga um heildarlaun til flytjenda á því ári.

3. gr.

Vegna flutnings verka við jarðarfarir skal hverju sinni heimt gjald, er sé fimm hundraðshlutar af launum flytjenda. Fela má föstum organleikurum við kirkjur og útfararstjórnnum að annast innheimtu þessa gjalds gegn þóknun, sem menntamálaráðherra ákveður.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er varið skal til styrktar tónskáldum og textahöfundum, er semja kirkjuleg verk, og skulu renna í sjóð þennan tuttugu af hundraði þeirra gjalda, sem innheimt eru samkvæmt 2. og 3. gr. reglna þessara.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um skipulag og hlutverk sjóðsins.

5. gr.

Að frádregnum innheimtukostnaði og greiðslum í sjóð þann, er stofna skal samkvæmt 4. gr., skal gjald það, sem innheimt er í samræmi við 2. og 3. gr., renna til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, en samtök þessi sjá um greiðslu þóknunar til höfunda í samræmi við eigin úthlutunarreglur, eftir því sem við getur átt. Þó skal sú regla gilda í þeim tilvikum, þar sem tónverk er flutt með texta og hvorutveggja er verndað að höfundarétti, að höfundabóknun skiptist jafnt á milli tónskálds og textahöfundar og að öðru leyti sé textinn við úthlutun ævinlega metinn til jafns við tónverkið.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um innheimtu gjalda samkvæmt reglum þessum

eða fela hana Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, sem einnig annast útlutun þeirra, sbr. 5. gr.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4 tl. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.